

4. MAÍ  
2024

HARPA  
ELDBORG

# Ævintýrið um Eldfuglinn

LITLI TÓNSPROTINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Ævintýrið um Eldfuglinn

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. MAÍ KL. 14:00

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Ross Jamie Collins**  
hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara**  
sögumaður

**Ari H. Yates**  
teiknari myndefnis

**Gabriel Bachmann**  
hreyfimyndagerð

## Ígor Stravinskij

Eldfuglinn  
Forleikur  
Dans Eldfuglsins  
Eldfuglinn og prinsinn  
Prinsessudansinn  
Hringdans  
Vítisdansinn  
Vögguvísa Eldfuglsins  
Lokasálmur

Grimugerð verður í  
Hörpuhorni að loknum  
tónleikum.

Flautukór Tónlistarskóla Kópavogs leikur fjölbreytta tónlist sem tengist dýrum og náttúru á undan tónleikumunum.

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út síðar á Rás 1.  
Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

# Tónskáldið

---

Ígor Stravinskíj (1882-1971) var eitt merkasta og frægasta tónskáld 20. aldarinnar. *Eldfuglinn* var fyrsta stóra verkið sem hann samdi, þá 27 ára gamall. Upphaflega var verkið ballett og þegar *Eldfuglinn* var frumsýndur í París varð Stravinskíj heimsfrægur á einni nóttu. Frægð Stravinskíjs gerði það að verkum að allir vildu starfa með honum; málarinn Pablo Picasso hannaði sviðsmyndir og tískudrottningin Coco Chanel gerði búninga við balletta hans.

## Ævintýrið um Eldfuglinn


---



Einu sinni bjó stórt skrímsli sem hét Kastsei í Rússlandi. Sál þess var geymd í öskju. Á meðan fjöregg Kastseis lá óhreyft í öskjunni var það ódauðlegt og gat haldið áfram myrkraverkum sínum; að ræna prinsessum og breyta ungum prinsum í stein. Það eina sem getur sigrast á skrímslinu er hugrakkur prins sem nær að mölva fjöreggið.


Ívan prins er á veiðum úti í skógi og sér fugl sem logar í alls konar rauðum og gulum litum, eins og sólin sjálf hafi tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn. Hann gefur Ívani eina af rauðu fjöðrunum sínum og segir: „Þetta er törafjöður. Notaðu hana þegar mikið liggur við.“

Ívan sér hvar prinsessurnar, sem skrímslið hefur í haldi, ganga út í garð og leika sér með gylltu eplin sem vaxa þar. Þær dansa hringdans í rökkrinu og Ívan hrífst af fegurð þeirra.



Við sólarupprás verða prinsessurnar að snúa aftur til hallar Kastseis. Ívan eltir þær en þegar hann gengur inn um hallarhliðið streyma liðsmenn Kastseis og skrímslið sjálft út úr höllinni. Þegar Kastsei er um það bil að breyta Ívani í stein þá man hann eftir fjöðrinni sem Eldfuglinn gaf honum.

Eldfuglinn kemur svífandi og dáleiðir skrímslin en syngur töfrandi vögguvísu fyrir Kastsei sem sofnar. Ívan sækir fjöreggið, brýtur það og lyftir álögunum. Prinsessurnar eru frjálsar og steinarnir í garðinum verða að prinsum.



# Litli tónsprotinn 2024-25

---



## MAXÍMÚS MÚSÍKÚS HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina á fyrstu tónsprotatónleikum starfsársins. Sagan um Maxa eftir Hallfríði Ólafsdóttur með myndskreytingum Þórarins Más Baldurssonar er eitt ástsælasta tónlistarævintýri þjóðarinnar og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun og verið þýtt á fjölda tungumála. Tónlistin sem hljómar á tónleikunum er úr ýmsum áttum og má þar nefna Lagið hans Maxa, Bolero eftir Maurice Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns.

## JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Á Jólatónleikum Sinfóníunnar verður hátíðleikinn í fyrirrúmi og nú með þjóðlegu ívafi. Rangheiður Gröndal og Benedikt Kristjánsson ásamt Kolbrúnu Völkudóttur flytja jólaperlur í þjóðlegum stíl. Einnig koma Stúlnakór Reykjavíkur, Kammerkórinn Aurora, nemendur úr Listdanskóla Íslands, Bjöllukórar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og Tónstofu Valgerðar, Langspilssveit Flóaskóla fram á tónleikunum og táknmálskórinn Litlu sprotarnir og trúðurinn Barbara eru á sínum stað.



## NÁTTFATAPARTÝ SINFÓNÍUNNAR

Snemma á nýju ári komum við okkur vel fyrir í náttfatapartýi Sinfóníunnar þar sem falleg næturtónlist og ljúfar kvöldlokkur ásamt vögguvísum hljóma í vel stilltum ljósum Eldborgarsalar Hörpu. Hvað er unaðslegra en að lygna aftur augunum og svífa á vit drauma undir slíkri tónlist. En í öllum náttfatapartýum þarf líka góða draugasögu, eitthvað til að halda fólki vakandi, allavega í smástund. Slíkir spennutónar slæðast með á þessa tónleika en einnig draugabanatónlist sem kveður niður allan reimleika. Við hvetjum tónleikagesti til að mæta í náttfötum með uppáhaldsbangsann sinn með sér í þetta skemmtilega náttfatapartý.

## KARNIVAL DÝRANNA

Á vortónleikum Tónsprotans mun ríkja karnivalstemning þar sem glens og grín er leiðarstefið. Jóhann Kristinsson söngvari og kynnir bregður sér í fuglsgervi, syngur aríu Fuglafangarans úr Töfraflautunni og flytur smellin kvæði Þórarins Eldjárns við Karnival Dýranna eftir Saint-Saëns. Á tónleikunum snarteiknar Rán Flygenring dýrin sem birtast ljóslifandi á stóra tjaldi Eldborgar.

Fylgist með á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is).